



Fréttabréf um orlofsmál.

2. tbl 2003 ábyrgðarmaður Már Guðnason

Tímabil sumarleyfa

Launamenn á almennum vinnumarkaði þ.e hjá öðrum en ríki og sveitarfélögum ;

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar sem veita ber á tímabilinu 2. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ávarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

Ath að þarna teljast aðeins 20 dagar af heildarfrídögum.

Launamenn hjá ríki ;

Starfsmaður sem skv. ósk fyrirsvarsmanns stofnunar fær ekki 192 vinnuskyldustundir (24 virka daga) í sumarleyfi á tímabilinu 15. maí til 30. september, skal fá 25% lengingu á þann hluta orlofstímans sem vettur er utan framangreinds tíma.

Ath að þarna teljast aðeins 24 dagar af heildarfrídögum, ef launamaður á fleiri daga.

Launamenn hjá sveitarfélögum ;

Þeir starfsmenn sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki fullt orlof á tímabili sumarorlofs, 15. maí til 30. september, skulu fá 33% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan ofangreinds tíma.

Ath að þarna teljast allir frídagar hvort sem um er að ræða 24 eða fleiri.

Hafið samband við félagið ef einhverjar spurningar vakna um orlof og orlofstöku Sími 487-5000 (Hellu)

Sumar og sumarleyfi.

Nú styttest í að sumarleyfistími félagsmanna Vlf. Suðurlands hefjist. Því þykir tilvalið að gefa út eitt fréttabréf sem tileinkað er orlofsmálum.

Allir launamenn eiga rétt á, að lágmarki 24 daga sumarorlofi, það fer svo eftir því hvernig orlofsféð er gert upp, hvort launamaður á rétt á greiðslu í sumarfríinu.

Unnin tími á síðast liðnu orlofsári stjórnar hversu mikill tími frísins er greiddur.

Reikniárið vegna orlofslauna er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Orlofslaunaprósenta stjórnar hversu hátt orlofsféð er. Það er að lágmarki 10,17% en fer svo stig hækkandi eftir samningum.

Hækkun á prósentu orlofslauna og fjölgun orlofsdaga er breytileg eftir samningum.



Íbúðin á Akureyri

Íbúðin er í fjölbýlishúsi á 2. hæð í Furulundi 10 D.

Íbúðin er 3ja herbergja þ.e 2 svefnherbergi og stofa/eldhús.

Í öðru svefnherberginu eru tvö, eins manns rúm í hinu er kofur fyrir tvo í neðra rúminu og einn í efra. Íbúðin er leigð með sængum, koddum og sængurfatnaði fyrir 6 manns.

Ef leigjendum vantar dýnur til viðbótar getur Securitas aðstoðað við að nálgast þær í geymslu í kjallara. Í stofu er hornsófi, hægindastóll, sófaborð, sjónvarp og hljómfletningstæki.

Eldhúsið er fullbúið öllum nauðsynlegum tækjum og búnaði, eldavél með fjórum hellum og ofni, ísskáp, eldhúsbordi og stólum. Svalir eru við íbúðina og á þeim eru útistólar og kolagrill.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í íbúðinni.

Umsjón með íbúðinni hefur Securitas, Tryggvabraut 10. S 460-6261

Vikan kostar 15.000

Helgin kostar 7.500

Íbúðin í Vík

Íbúðin er einbýlishús, að Víkurbraut 18 og er 3ja herbergja þ.e 2 svefnherbergi og stofa/eldhús. Í stærra herberginu er hjónarúm og fataskápur. Í minna herberginu eru kofur fyrir tvo ásamt tvíbreiðum svefnsófa. Húsinu fylgja sængur og koddar fyrir sex.

Í stofu er hornsófi, sófaborð, sjónvarp og ferðaútvarp með geislaspilara. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður, eldavél með tveimur hellum og ofni, ísskápur, eldhúsbord og sex stólar. veglegur sólpallur er fyrir utan húsið og er þar gasgrill og útistólar. Einnig stendur til að lagfæra tröppur fyrir utan húsið.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í íbúðinni.


Það stendur við aðalgötu þorpsins en þó er ekkert ónæði frá götunni.

Á staðnum er matvöruverslun, matsölustaðir, kaffihús og gjafavöruverslanir.

Umsjónarmaður er Tryggvi Ástþórsson
S 487-1520 Gsm 869-3261

Vikan kostar 15.000

Helgin kostar 7.500



Leigjendur athugið

Orlofshúsin/vagnarnir eru ekki leigðir í helgarleigu frá
13. júní 2003 til 15. ágúst 2003.

Hægt er að sækja um á skrifstofu félagsins
Suðurlandsvegi 3 eða í síma 487-5000

Fellihýsið

Fellihýsi félagsins er 8 feta Viking epic 1706. Það er með 2 svefnskálum og er hægt að breyta borðkróknum í svefnstæði líka, þannig að 4 fullorðnir og 2 unglingar/börn geta sofið í hýsinu.

Fellihýsið er leigt með öllum tækjum þ.e gas-eldavél, gaskút og fleiru. Vaskur er í fellihýsinu og er á honum handpumpa.

Eitthvað af diskum, glösum, könnum og pottum er til í fellihýsinu og eru þessir hlutir geymdir undir öðru sætinu í borðkróknum.

Fellihýsinu fylgir fortjald.

Í fellihýsinu er gas-knúin miðstöð sem hægt er að stilla og halda hita í hýsinu yfir nótt.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í hýsinu.


Umsjón með fellihýsinu hefur skrifstofa

Verkalýðsfélag Suðurlands

S 487-5000 Gsm 894-9420

Vikan kostar 15.000

Helgin kostar 7.500



Leigjendur athugið

Sækja þarf um fyrir 15. maí ár hvert.

Ganga þarf frá leigusamningi og greiðslu

fyrir 1. júní ár hvert.

Tjaldvagninn

Tjaldvagn félagsins er 17 fermetra,

Camp-let Concorde. Það eru tveir svefnskálar og geta 2 fullorðnir sofið í hvorum skála þ.e alls fjórir. Fortjaldið á vagninum er áfast og tjaldast með.

Gas-eldavél er áföst vagninum (sjá teikningu) með tveimur hellum sem og vaskur sem er með rafmagnsdælu. Vagninum fylgir borð og stólar fyrir fjóra. Fortjaldinu fylgir laus botn.

Engin áhöld fylgja vagninum og þurfa leigjendur að koma með þau sjálfir.


Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í vagninum.

Umsjón með tjaldvagninum hefur skrifstofa Verkalýðsfélags Suðurlands.

S 487-5000, Gsm 894-9420

Vikan kostar 15.000

Helgin kostar 7.500



Orlofsprósenta og orlofsdagar

Í viðbót við 24 lágmarksorlofsdaga fá launamenn ;

- á almennum vinnumarkaði ;

og hafa unnið í 5 ár á í sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofs-launum sem nema 10,64 %. Með sama hætti öðlast launamenn sem unnið hafa 10 ár hjá sama fyrirtæki 28 daga orlofsrétt og 12,07 % orlofslaun. Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð. Launamenn sem öðlast hafa 28 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri vinnuveitanda fá hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

- hjá ríki ;

og hafa náð 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fá að auki sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða 3 daga í dagvinnu og 11,59% í orlofslaun. Við 38 ára aldur fá þeir enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða 3 daga í dagvinnu og 13,04% í orlofslaun. sbr. þó gr. 5.3.4, sem hljóðar svo og er ákvæði til bráðabirgða: Þeir starfsmenn sem höfðu áunnið sér orlofsrétt skv. fyrri kjarasamningi, sbr. gr. 5.2.2 um frekari orlofsrétt en að ofan, skulu fá orlofsfé sem hér segir þangað til þeir hafa öðlast frekari rétt skv. gr. 5.3.1:

Orlofsréttur	Orlofsfé
26 dagar (208 vinnustundir)	11,11%
28 dagar (224 vinnustundir)	12,07%

- hjá sveitarfélögum ;

Og náð hafa 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fá að auki sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða 3 daga í dagvinnu og 11,59% í orlofslaun. Við 40 ára aldur fá þeir enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða 3 daga í dagvinnu og 13,04% í orlofslaun.

Veikindi í orlofi

Reglur um greiðslu orlofs þegar starfsmaður veikist í orlofi eru mjög breytilegar. Ef þú veikist í orlofi hafðu endilega samband við félagið og fáðu upplýsingar um rétt þinn.

ÉG FER Í FRÍÐ

Greiðslureglur orlofsuppbótar

Launamenn sem hafa áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og eru í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skulu við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, (krónutala sést neðar) og miðast við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum. Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma m.v. starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

Í Virkjunarsamning eru orlofsuppbætur innifaldar í launatöxtum. Ef hækkunir verða á almenna markaðnum, skulu þær hækkunir koma fram í virkjunarsamning. Þá sem krónutölu hækkun á taxta.

Orlofsuppbót.

Orlofsuppbót greiðist við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst.og miðast við starfshlutfall og starfstíma.

Almennt verkafólk og ríkisstarfsmenn ;

Krónur 20.400

Starfsmenn sveitarfélaga ;

Krónur 10.000

Í Virkjunarsamning eru orlofsuppbætur innifaldar í launatöxtum.

Þó þannig að greiða skal uppbót kr 9,04 pr. dagvinnustund (krónutala inniheldur bæði orlofs- og desemberuppbót.) þessi uppbót er vegna hækkana á almennum markaði.

Ath. Hjá ræstingarfólki í uppmælingu eru orlofsuppbætur inni í taxta.